

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 203/2015

2017/EES/19/07

frá 25. september 2015

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/661 frá 28. apríl 2015 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/662 frá 28. apríl 2015 um leyfi fyrir L-karnítíni og L-karnítín L-tartrati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/722 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir táríni sem fôðuraukefni fyrir dýr af hundaætt, kattaætt og marðarætt og físktegundir sem eru kjötætur <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/723 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir biótíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/724 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir retínýlasetati, retínýlpalmítati og retínýlprópiónati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(5)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 130, 28.5.2015, bls. 19.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 130. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/518) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 18.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 22.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 25.

- „131. **32015 R 0661**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/661 frá 28. apríl 2015 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) (Stjtið. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 1).
132. **32015 R 0662**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/662 frá 28. apríl 2015 um leyfi fyrir L-karnítíni og L-karnítín L-tartrati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 5).
133. **32015 R 0722**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/722 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir táríni sem fôðuraukefni fyrir dýr af hundaaett, kattaaett og marðaraett og fisktegundir sem eru kjötætur (Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 18).
134. **32015 R 0723**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/723 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir bíótíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 22).
135. **32015 R 0724**: framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/724 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir retínýlasetati, retínýlpalmítati og retínýlprópiónati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 25), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 130, 28.5.2015, bls. 19.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/661, (ESB) 2015/662, (ESB) 2015/722, (ESB) 2015/723 og (ESB) 2015/724, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 130, 28.5.2015, bls. 19, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Ingrid Schulerud**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.